Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Maurasýra 85%**

Vörunúmer: **kwsm00** **KAR (IBC) 1.200 kg**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Til iðnaðarnota.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

RADCHEM SP. Z O.O.
Wyszogrodzka 10/89
03-337 Warsjá, Pólland
00-48-30545553
biuro@radchem.pl
www.radchem.pl

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	Húðæting 1A
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P260	Andið ekki að ykkur gufu/ýringi.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P301+P330+P331	EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Maurasýra.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Maurasýra			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119491174-37-XXXX	**Innihald %**	**80 - <90**
Raðnúmer	607-001-00-0	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	200-579-1	**H-setningar**	-
CAS	64-18-6	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðæt.1A - **H314**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.
Sýnið öryggisblaðið.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis ef ástæða þykir til.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni (15 mín). Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Þó ekki sé fatnaður fastur við húð.
Gætið þess að sprengja ekki blöðrur á húð. Leitið strax læknis.

Snerting við augu MIKILVÆGT ! Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. Getur valdið varanlegum skaða séu augu ekki skoluð umsvifalaust. Haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax læknis eða bráðamóttöku.

Inntaka Skolið munn strax og drekkið mikið vatn. Leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið.
Framkallið ekki uppköst. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Til hjálparliða: Notið persónuhlífar. Kynnið ykkur hvaða efnavörur eiga í hlut. Takið ekki persónulega áhættu.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:
Sjá liði 2. og 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:
Leitið strax læknis eða bráðamóttöku við inntöku, augnsnertingu eða meðvitundarleysi.
Sýnið öryggisblaðið. Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Slökkviduft, (ABC) Kælið umbúðir með vatnsúða.
Veljið slökkviefni eftir aðstæðum á brunastað og nærveru annarra efnavara.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beitið ekki beinum vatnsgeisla.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:
Varan er ekki eldfim. Við bruna geta þó myndast ertandi og hættulegar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:
Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.
Notið hlífðarhanska, hlífðargleraugu og efnaheldan fatnað. Sjá liði 5 og 8.
Notið öndunarbúnað, sé loftræsting ófullnægjandi. Vinnið vindmegin við mengað svæði.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mikla losun.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Skolið mengað svæði vandlega með miklu vatni að hreinsun lokinni.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Losið ekki í niðurföll. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Varan er ekki eldfim við venjulegar aðstæður. Viðhafið þó varúð við flutning milli íláta til að forðast myndun stöðurafmagns. Sjá einnig lið 10 um ósamrýmanleg efni.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, læstum, vel loftræstum stað.
Æskilegt geymsluhitastig: 5-30°C í allt að 6 mánuði.
Geymið fjarri matvælum, ósamrýmanlegum efnum, háu hitastigi, geislun og stöðurafmagni.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Maurasýra		5		9	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Maurasýra					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	19	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	9,5	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	3	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	9,5	mg/m3
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,2	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	2	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn set		PNEC	13,4	mg/kg
	Umhverfi, sjór set		PNEC	1,34	mg/kg
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	1,5	mg/l
	Umhverfi, hreinsistöðvar		PNEC	7,2	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar





Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð (EN 166) með hliðarvörn, eða andlitshlíf.
Húð - hendur	Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr bútýl- eða nítrílgúmmíi, eða neopren (EN 374). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).
Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með viðeigandi síu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
pH:	0-1	
Suðumark:	101°C	
Blossamark:	69°C	
Sjálftendrunarmark:	601°C	
Gufuþrýstingur (20°C):	3722	Pa
Gufuþrýstingur (50°C):	15271	Pa
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt	
Eðlismassi:	1,187	kg/l
Seigja (20°C):	1,56	cP

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki eru taldar neinar líkur á hættulegum efnahvörfum.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin þekkt við venjulegar notkunaraðstæður (herbergishita).

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er ekki eldfim. Við bruna geta myndast ertandi og hættulegar gufur.
Möguleg myndefni við bruna eru kolefnisoxíð og ýmis lífrænar niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Innöndun	Getur valdið ertingu eða ætingu í öndunarfærum, ásamt hósta og öndunarerfiðleikum.
Húð	Veldur ætingu eða ertingu. Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið mikilli ertingu, með sársauka, roða, bólgum og mögulegum vefjaskaða.
Augu	Veldur alvarlegum augnskaða, sársauka, sviða, táramyndun og bólgum.
Inntaka	Veldur ætingu í munni og meltingarvegi, sársauka, ógleði, uppköstum.

Næming, húð/öndunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
Eiturhrif á æxlunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
Stökkbreytingar kímfruma	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
Sértæk eiturhrif (eitt skipti)	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
Sértæk eiturhrif (endurtekin)	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
Ásvelgingarhætta	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið út frá fyrirliggjandi upplýsingum.

Maurasýra					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	>2000	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	>2000	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, innöndun	ATE	>20	mg/l/4 klst		reiknuð stærð

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Maurasýra					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	175 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	120 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC_{50}	27 mg/l	96 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		100%	14 d		
Uppsöfnun í lífverum	BCF	3			
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	-0,54			
Mat á PBT / vPvB					Á ekki við

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
20 01 14 (sýrur)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Endurnýtið ekki umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer	3412
Efnisheiti v. flutninga:	FORMIC ACID, (10-85%)
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II
Jarðgangnaflokkun:	E
Mengunarhætta:	Nei

IMDG:



UN Númer	3412
Efnisheiti v. flutninga:	FORMIC ACID, (10-85%)
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II
EmS:	F-A S-B
Mengunarhætta:	Nei

IATA:



UN Númer	3412
Efnisheiti v. flutninga:	FORMIC ACID, (10-85%)
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H318	Veldur alvarlegum augnskaða

Útgáfa/Dags: 1 / 17.03.2022

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***RADCHEM SP. Z O.O. SP. KOMANDYTOWA***
SAFETY DATA SHEET
Kwas mrówkowy min. 85%
Endurskoðað: *02.10.2020 Útgáfa 1*


Kemi